

LYKILUPPLÝSINGAR FJÁRFESTA

Í skjali þessu er að finna lykilupplýsingar um sérhæfða sjóðinn ALM Brú hf. Upplýsingar þessar eru settar fram á grundvelli laga til að hjálpa þér að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessu skuldabréfi. Þér er ráðlagt að lesa skjalið svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta í viðkomandi skuldabréfi.

ALM BRÚ

Sérhæfður fagfjárfestastjóður - fjárfestir í skuldabréfum og lánasamningum.

ALM Brú: ALM Brú hf., kt. 540119-0820, Sundagarðar 2, 104 Reykjavík

Samkvæmt fjárfestingastefnu félagsins fjárfestir sjóðurinn í lánasamningum fyrirtækja og skuldabréfum einstaklinga og fyrirtækja. Fjárfestingar eru m.a. í veðskuldabréfum með veði í fasteignum, lausafé, bílum, tækjum og vélum, lánasamningum fyrirtækja með veði í kröfum, birgðum, fasteignum og lóðum. Lánstíminn er allt að 84 mánuðir.

Sjóðurinn hefur heimild til skuldsetningar allt að 50%.

Ávöxtunarmarkið sjóðsins er 10% nafnávöxtun.

Áhætta og ávöxtun - Áhættuflokkur 6

Hlutabréf sjóðsins eru ekki skráð á verðbréfamarkaði. Áhætta felst m.a. í að ávöxtun sjóðs verði lægri en væntingar standi til, eða að ávöxtun verði neikvæð vegna rýrnunar eignasafns umfram ávöxtun. Lausafjárahætta sjóðsins er töluverð, þ.e. að sjóðurinn geti ekki staðið við endurgreiðslu á hlutum (innlausn bréfa), t.d. vegna lausafjárskorts eða að eignasafn hafi rýrnað svo að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Sjóðurinn hefur því strangar innlausnarreglur sem fjárfestum ber að kynna sér vel.

Sjóðurinn leitast við að tryggja að stór hluti eignasafns sé veðtryggður í fasteignum, lóðum, bifreiðum, tækjum, vélum eða öðru lausafé. Hluti eignasafns er mögulega ótryggður og þá með almenna kröfu á fyrirtæki eða einstaklinga. Helsta áhætta sjóðsins felst í að virði veðandlaga sé rétt, og greiðslugetu greiðanda veðskuldabréfa.

Til að meta áhættu hluthafa skal m.a. horft til girunar sjóðsins (skuldsetningu), veðþekju eignasafns, vanskilahlutfalls eignasafns. Miðað við fjárfestingastefnu sjóðsins er áhætta sjóðsins metin í áhættuflokk 6.

Fjárfestum er bent á að lítill eða engin eftirmarkaður er á hlutum útgefnum af ALM Brú og strangar innlausnarreglur. Fjárfesting í sjóðnum hentar því ekki til skamms tíma, heldur í a.m.k. 2 - 3 ár.

Fjárhagsleg áhætta

1	2	3	4	5	6
---	---	---	---	---	---

Lítill tapsáhætta hlutafé
Skuldabréf eru metin út frá lánshæfi og/eða tapsáhættu eignasafns (álagspróf). Áhætta hlutabréfa eða skráðra skuldabréfa er metin út frá áætluðu flökti verðbreytinga.

Seljanleikaáhætta

0	1
---	---

Einkunn 0 (mikill seljanleiki): Skráð ríkisskuldabréf og veltumikil hlutabréf; Einkunn 1 (lítill seljanleiki): óskráðir fjármálagerningar eða lítill velta með skráða gerninga.

Lausafjárahætta

0	1	2	3
---	---	---	---

Lausafjárskortur fyrirtækja eða verkefna haft veruleg áhrif á afkomu eða greiðslugetu. Hér er horft til þess að skráðir fjármálagerningar fái einkunnina 0, óskráðir fjármálagerningar 1 til 2, ef hætta er á að greiðslur geti frestast verulega: einkunn 3.

Áhættuflokkur

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

innlán,
ríkisskuldabréf

Skráð hlutabréf

Ókráð hlutabréf,
há skuldsetning

Gjöld

Árleg þóknun til rekstraraðila sjóðsins er 2,00% af virði sjóðsins (NAV) og er hún innheimt ársfjórðungslega. Gjald vegna sölu á hlutum í sjóðum er 1,00%.

Saga - árangur

Á ekki við.

Ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Hagnýtar upplýsingar

Vörsluaðili: ALM Verðbréf hf.

Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um ALM Brú, upplýsingablað um eignasafn sjóðsins, ársskýrslur sjóðsins þá hafið samband við fyrirtækjaráðgjöf ALM Verðbréfa hf. Einnig má finna upplýsingar á vefslóðinni alm.is/serhæfðar fjarfestingar

Skattar

Um skattlagningu hagnaðar af skuldabréfum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Eigandi/kaupandi hluta í sjóðnum sér um að standa skil á sköttum vegna arðs eða hagnaðar af hlutum.

Ábyrgð - fyrirvari

ALM Verðbréf hf er einungis ábyrgt fyrir yfirlýsingum í þessu skjali sem kunna að reynast vera villandi, rangar eða ekki í fullu samræmi við fjárfestakynningu.

Fjárfesting í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Greiðslugeta útgefanda skuldabréfa í eigu sjóðsins eða virði á eignum útgefanda getur skyndilega versnað og þannig haft áhrif á greiðslugetu útgefanda, virði veða, og þar með ávöxtun sjóðs og lausafjárstöðu hans. Einnig ber að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, fjárfestinga útgefanda auk gengisflökts gjaldmiðla þegar eignir útgefanda skuldabréfa eru í erlendum gjaldmiðlum. Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Sjóðurinn fjárfestir í óskráðum skuldabréfum og veðskuldabréfum með veði í m.a. bifreiðum, tækjum, vélum, lausafé, fasteignum og lóðum. Verðryrnun yfir tíma á bifreiðum, tækjum, vélum, og lausafé er töluvert. Virði á lóðum eða fasteignum í byggingu er ávallt háð óvissu. Lánshæfi og greiðslugeta fyrirtækja og einstaklinga getur versnað töluvert á skilgreindum lánstíma sjóðsins.

Fjárfestingu í óskráðum hlutabréfum fylgir alltaf áhætta. Hægt er að draga úr áhættu með því að fjárfesta eignasafni eða sparnaði í vel dreifðu safni hlutabréfa, skuldabréfa og innlána. Fjárfestir þarf að vera meðvitaður um áhættuþol sitt þar sem hlutabréf er bundið í amk 6 mánuði og í tilfellum þar sem sjóður hefur ekki laust fé, nær ekki að innheimta skuldabréf eða innlán, eða eignasafn hans hefur rýrnað, getur orðið verulegur dráttur á innlausn.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á að fjárfesta í sjóðnum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel ársreikning útgefanda, yfirlit yfir eignasafn útgefanda, og áhættumat fjármálagernings (áhættuflokkar).

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

ALM Verðbréf hf., er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, til að stunda eignastýringu og fjármálaráðgjöf, og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.